

Samkomulag um millifærslu fjármuna vegna atvinnumála fatlaðs fólks

Eitt af faglegum viðfangsefnum samkvæmt samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk var að vinna að framtíðarverkaskiptingu sveitarfélaga og Vinnumálastofnunar á sviði atvinnumála fatlaðs fólks, sbr. lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Frá þessari verkaskiptingu var gengið með samkomulagi, sem undirritað var í formi yfirlýsingar þann 28. september 2015, um að Vinnumálastofnun taki við verkefninu AMS (Atvinna með stuðningi) er fært var til sveitarfélaga 1. janúar 2011 sem hluti af tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Yfirlýsingin var staðfest með lokasamkomulagi ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma þjónustu við fatlað fólk dags. 11. desember 2015.


Aðilar að samkomulagi þessu (velferðarráðuneytið, Vinnumálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga og innanríkisráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga) eru sammála um að útfæra yfirlýsinguna með neðangreindum hætti:

1. Samkvæmt kostnaðargreiningu sem fylgdi viljayfirlýsingunni færast 90 m.kr. á verðlagi 2015 frá sveitarfélögum til Vinnumálastofnunar vegna AMS-verkefnisins.
2. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga tekur að sér að greiða Vinnumálastofnun 97,8 m.kr. á árinu 2016 (fjárhæðin hefur verið uppfærð til verðlags 2016). Greiðslurnar skal Jöfnunarsjóður taka af óskiptri fjárhæð sem ríkið greiðir til Jöfnunarsjóðs á grundvelli lokasamkomulags ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsramma þjónustu við fatlað fólk. Fjárhæðin skal innt af hendi í 12 mánaðarlegum greiðslum 15. hvers mánaðar, í fyrsta sinn 15. janúar 2016.
3. Áfram verður unnið að AMS-verkefninu á grundvelli markmiða í viljayfirlýsingunni og samningum sem til þessa hafa gilt um framkvæmd þjónustunnar. Aðilar skuldbinda sig til þess að tryggja fjárhagslegan grundvöll verkefnisins og faglegan framgang þess eins og mælt er fyrir um í yfirlýsingunni.
4. Vinnumálastofnun gerir aðilum samkomulagsins grein fyrir framkvæmd og þróun verkefnisins í minnisblaði sem lagt verður fram á samráðsfundi sem halda skal í ágústmánuði 2016.
5. Samkomulag þetta gildir til 31. desember 2016 og kemur til endurskoðunar fyrir þann tíma.

Reykjavík 14. janúar 2016




Vinnumálastofnun



Samband íslenskra sveitarfélaga



Velferðarráðuneytið



Innanríkisráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs